



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 18. september

2019

R19060094

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Innkauparáð

Sendandi: Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir

Staða undirbúnings á útbóði rammasamnings um þjónustu sérfræðinga í umhverfis-, samgöngu-, skipulags-, og byggingarmálum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Vinnu við gerð útböðsgagna miðar áfram og haldnir hafa verið reglulegir vinnufundir til að yfirfara einstaka þætti útböðsgagna. Vinnufundur hefur verið boðaður þann 20. september n.k. og ráðgert að fara þar yfir ábendingar frá borgarlögmanni ásamt þeim atriðum sem út af standa varðandi kröfur til hæfis bjóðanda. Stefnt er að birtingu útböðsgagna í fyrstu viku október.

Útböðsgögnum verður skipt niður í flokka og þurfa bjóðendur að uppfylla mismunandi hæfisskilyrði í hverjum flokki fyrir sig.

Þegar rammasamningurinn hefur tekið gildi getur nýr aðili sent inn þátttökutilkynningu. Við einstök innkaup innan opins rammasamnings skal öllum fyrirtækjum sem aðild hafa fengið að rammasamningnum boðið að leggja fram tilboð. Hafi samningnum verið skipt niður í flokka vara, verka eða þjónustu skal kaupandi bjóða öllum fyrirtækjum að leggja fram tilboð sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa.

Hvenær sem er á gildistíma opins rammasamnings er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki sem fengið hefur aðild að gagnvirku innkaupakerfi leggi fram endurnýjaða og uppfærða hæfisyfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga um opinber innkaup, innan fimm virkra daga frá þeim degi þegar beiðni um það var lögð fram.

Virðingarfyllst

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir
Skrifstofustjóri Innkaupaskrifstofu